

EMPOWER fréttabréf

Frá niðurstöðum tilraunahluta verkefnis til fullra innleiðingar

Júlí 2026 | Fréttabréf nr. 2



ERASMUS-EDU-2024-POL-EXP-DIGITAL | Project No. 101195957

Mótum framtíð þar sem kynjahlutföll í upplýsingatæknimenntun eru jafnari.

EMPOWER-verkefnið heldur áfram að vinna að inngildandi framtíð og jafnara kynjahlutfalli í upplýsingatækni með því að styðja kennara, skóla og nemendur víðs vegar um Evrópu.

Með fræðslu fyrir kennara um kynjafjölbreytni og verkefnum þar sem konur í upplýsingatækni eru fyrirmyndir leitast EMPOWER við að vinna gegn staðalímyndum, efla inngildandi kennsluhætti og hvetja stúlkur til að kynna sér náms- og starfsleiðir á sviði stafrænnar tækni og upplýsingatækni.

Í þessu tölublaði segjum við frá helstu verkefnum sem nýlega hafa farið fram: öðrum fjölþjóðlega verkefnisfundi EMPOWER á Íslandi, lokum tilraunahluta verkefnis í Grikklandi og kynningu IDL á EMPOWER á *Smart EdTech Lotuviku* við Université Côte d'Azur.

Annar alþjóðlegur verkefnisfundur í Reykjavík

15-16 júní 2026 | Reykjavík, Ísland



Dagana 15.–16. júní 2026 kom samstarfshópur EMPOWER saman í Reykjavík á öðrum fjölþjóðlega verkefnisfundi verkefnisins.

Fundurinn gaf samstarfsaðilum mikilvægt tækifæri til að fara yfir þann árangur sem náðst hafði, miðla upplýsingum um framkvæmd tilraunaáfangans í samstarfslöndunum og ræða næstu skref í átt að innleiðingu EMPOWER.


Á tveggja daga fundinum fóru samstarfsaðilar yfir þann lærdóm sem draga mátti af tilraunaáfanganum, miðlaðri reynslu og innsýn úr hverju landi, og lögðu voru drög að framhaldinu. Sérstök áhersla var lögð á að fá fleiri skóla til þátttöku í næsta áfanga innleiðingarinnar.

Ólík lönd, eitt sameiginlegt markmið: framtíð með jafnara kynjahlutfalli í upplýsingatækni.

Takk fyrir, Ísland!

Tilraunaverkefni í samstarfslöndunum

Eftir því sem tilraunaáfanganum vindur fram halda samstarfsaðilar EMPOWER um alla Evrópu áfram að virkja kennara til þátttöku og undirbúa innleiðingu verkefnisins að fullum mæli.




GRÍKKLAND

Tilraunaáfanga EMPOWER hefur lokið með góðum árangri í Grikklandi. Sex kennarar tóku þátt á grunn- og framhaldsskólastigi. Í tilraunaáfanganum kynntu þátttakendur sér inngildingu kynjanna í upplýsingatækni og STEM-menntun, miðluðu reynslu sinni og ræddu bæði líkar og ólíkar áskoranir í mennta umhverfi sínu.



Umræðurnar veittu mikilvæga innsýn í kynbundnar staðalímyndir, inngildandi kennsluhætti og þær áskoranir sem koma upp á mismunandi skólastigum og í ólíkum löndum. Endurgjöfin sem safnað var mun nýtast við frekari þróun og endurbætur á námsefni EMPOWER.




þátttöku á sviðið stafrænnar tækni.

KÝPUR

Tilraunaáfanga EMPOWER á Kýpur er senn að ljúka. Kennarar sem kenna upplýsinga- og samskiptatækni hafa kynnt sér netvettvang EMPOWER og tekið þátt í þjálfun í rauntíma. Nú hefst innleiðing EMPOWER verkefnis í kennslustofum með stuðning þessa kennara og munu þeir koma að því að meta hvernig námsefnið styður við kynjamiðaða kennslu í upplýsinga og samskiptatækni og hvetja fleiri stúlkur til

ÍTALÍA

Tilraunaverkefnið stendur nú yfir á Ítalíu. Kennarar kynna sér þjálfunarefni EMPOWER og prófa námsefni verkefnisins. Í framhaldinu verður endurgjöf þeirra safnað saman og nýtt við lokafrágang verkfærakistunnar.



ÍSLAND


Tilraunainnleiðing á Íslandi hefst í ágúst 2026 og markar næsta skref í samræmdri innleiðingu verkefnisins í samstarfslöndunum.



Að loknum þessum árangursríka tilraunaáfanga er nú unnið að undirbúningi innleiðingar verkefnisins í fullri stærð, sem gert er ráð fyrir að hefjist í október 2026.

EMPOWER á Smart EdTech-vikunni

Apríl 2026 | Université Côte d'Azur



Í apríl 2026 kynnti Infinitivity Design Labs EMPOWER-verkefnið á vinnuviku meistaranámsins í Smart EdTech við Université Côte d'Azur.

Í kynningunni var EMPOWER verkefnið kynnt fyrir kennurum og námshönnuðum. Þar var lögð áhersla á markmið verkefnisins, kynjamiðað nám í upplýsinga- og samskiptatækni og mikilvægi þess að hanna námsupplifun sem vinnur gegn staðalímyndum og stuðlar að jöfnum tækifærum.



Þessi kynning studdi við miðlun verkefnisins með því að tengja EMPOWER við fagfólk sem vinnur beint að þróun nýstárlegs og inngildandi námsumhverfis.

Hvað kemur næst?

Verkefnið færir nú yfir á næsta stig innleiðingarinnar. Á næstu mánuðum munu samstarfsaðilar halda áfram að þróa og bæta námsefnið á grundvelli endurgjafar frá tilraunaáfanganum og undirbúa innleiðingu EMPOWER í fullri stærð í skólum.

Í næsta áfanga verður áhersla lögð á þátttöku skóla, stuðning við kennara og innleiðingu verkefna sem ætlað er að efla áhuga og þátttöku stúlkna í upplýsinga- og samskiptatækni.

Auk þess verður EMPOWER kynnt í skólum með fyrirlestrum kvenna sem starfa á sviði upplýsinga- og samskiptatækni og eru fyrirmyndir fyrir stúlkur. Árangurssögur úr þessum verkefnum verða birtar til að sýna hvernig hægt er að innleiða kynjamiðað nám í framkvæmd.

TAKTU ÞÁTT

Ert þú kennari, fulltrúi skóla, stefnumótandi aðili, rannsakandi eða fulltrúi stofnunar sem starfar að jafnrétti kynjanna, stafrænni menntun, upplýsinga- og samskiptatækni eða STEM-greinum?

Fylgstu með EMPOWER til að fá nýjustu upplýsingar.

 <https://empower-ict-project.eu>



THE PARTNERS



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.